

Endurskoðuð fjárhagsáætlun Fjórðungssambands Vestfirðinga fyrir árið 2025 og samanburður við fjárhagsáætlun 2025 og ársreikning 2024.

Rekstartekjur.

Heildarrekstrartekjur að teknu tilliti til millifærslan á milli deilda er alls áætlaðar 303 mkr sem er hækkun um 40,1 mkr frá fjárhagsáætlun 2024 og 13,2 mkr hækkun miðað við ársreikning.

Framlög Ríkissjóðs

Framlög ríkissjóðs hækka miðað við fjárhagsáætlun 2025 um 22,5 mkr og 13,2 mkr miðað við ársreikning 2024. Skýrist vegna herra framlags til Sóknaráætlunar með nýjum samningi með aðild fleiri ráðuneyta. Framlag Byggðaaætlunar úr C1 aðgerð Byggðaaætlunar 2024 *Sértæk verkefni sóknaráætlunarsvæða*, þrjú verkefni fengust nú samþykkt en eitt verkefni á síðasta ári og hækkar framlag í 30 mkr. Fjórðungssambandið sækir árlega um verkefnaframlagið í samvinnu við sveitarfélög og á árinu 2023 fengust úthlutaðar 43,6 mkr til þriggja verkefna á Vestfjörðum.

- **Framlög Jöfnunarsjóðs.**

Framlagið skiptist upp í tvo hluta. Annars vegar fá landshlutasamtök sveitarfélaga samkvæmt reglugerð um Jöfnunarsjóð, hlutdeild af almennum tekjum sjóðsins og er það í samræmi við áætlun og nemur 53 mkr.

Hinsvegar hefur Jöfnunarsjóður á undanförunum árum veitt framlagi til FV vegna reksturs áætlana í umsjón FV s.s. sóknaráætlunar, framlagið er áætlað hér 7 mkr og er óbreytt frá fyrri áætlun

- **Framlög sveitarfélaga**

Samkvæmt samþykktum Fjórðungssambands þá er árstíllag sveitarfélaga ákveðið á Fjórðungssþingi að hausti, reiknast það sem framlag á hvern íbúa sveitarfélags miðað við 1. janúar ár hvert. Samþykkt framlag (árstíllag) fyrir árið 2024 nemur 49,6 mkr.

Framlagið skiptist á rekstrardeildir;

- Byggðaðróun og atvinnu og nýsköpunarmál, samtals **18,3 mkr**. Framlagið er þrískipt, **8,3 mkr** sem er mótframlag sveitarfélaga á móti samningi við Byggðastofnun um atvinnu og byggðþróun. Síðan **5 mkr**, framlag til umhverfismála og **5 mkr** til hringsrásarfulltrúa.
- Rekstur skrifstofu, samtals **31,3 mkr**. Skiptist í árstíllag sveitarfélaga til markaðsmála, **8,2 mkr**, hér er um að ræða mótframlag á móti samningi Vestfjarðastofu við mótframlag á móti framlögum Ferðamálastofu vegna Áfangastofu. Árstíllag **9,9 mkr** hér er um að ræða framlag til starfsemi á sviði menningarmála, sú starfsemi er skilgreind sem áhersluverkefni í samningi um Sóknaráætlun Vestfjarða 2020-2024 og að lokum árstíllag til rekstur skrifstofu, **13,2 mkr** hér er um að ræða framlag til reksturs skrifstofu FV.

Framlag til Svæðisskipulags Vestfjarða.

Áætluð framlög til Svæðisskipulags Vestfjarða alls 57,1 mkr, þar af eru áætluð framlög Skipulagssjóðs 22,2 mkr, framlag sveitarfélaga 10,5 mkr, áhersluverkefni Sóknaráætlunar 15 mkr og 3 mkr með millifærslu af deild rekstur skrifstofu, auk 11,4 mkr eftirstöðvar framlags til verkefnisins frá síðasta ári en af því framlagi verða 5 mkr fluttar til næsta árs.

Ónotaðir styrkir færðir frá fyrra ári.

Heildarfjárhæð ónotaðra styrkja og framlaga nemur 11,4 mkr er nemur eftirstöðvum framlags til svæðisskipulags.

Ónotaðir styrkir til næsta árs.

Áætlað er að 5 mkr færist til næsta ár, af rekstri svæðisskipulags.

Millifærslur á milli deilda

Millifært verði milli deilda 29,4 mkr til deildar byggðaðpróun, af sóknaráætlun 15 mkr sem áhersluverkefni og 14,4 mkr af rekstri skrifstofu (11,4 mkr framlagi skipulagssjóðs 2024 og 3 mkr af rekstri).

Tekjur varasjóðs

Tekjur varasjóðs eru áætlaðar 2 mkr.

Vextir

Vextir að fráðregnum fjármagnstekjuskatti eru áætlaðir 1,8 mkr, þar af 1 mkr þkr á rekstri skrifstofu og 839 þkr af sóknaráætlun.

Rekstargjöld

Rekstrargjöld eru að teknu tilliti til millifærslna milli deilda, eru alls áætluð um 302,3 mkr og hækka um 40,1 mkr í samanburði við fjárhagsáætlun 2024 og 2,4 mkr miðað við ársreikning 2023. Hér er um að ræða áhrif af gerð svæðisskipulags, verkefnafjármagns sem greitt er til verkefna Vestfjarðastofu og aðila sem framkvæma verkefni með stuðningi af C1 aðgerð Byggðaáætlunar.

Lífeyrisskuldbinding. Áætlaðar greiðslur vegna lífeyrisskuldbindinga FV nemi um 360 þkr.

Framlag til Vestfjarðastofu. Alls áætlað 109,5 mkr og hækkar um ,9 mkr frá áætlun og er ráðstafað samkvæmt rekstrarsamningi FV og Vestfjarðastofu skiptist á eftirfarandi deildir,

- Byggðaðpróun og atvinnu og nýsköpunarmál, samtals 18,3 mkr.
Óbreytt tillaga frá áætlun eða 8,3 mkr renni til að vinna að verkefnum um atvinnu og byggðaðpróun,
Óbreytt tillaga um 5 mkr framlag vegna umsjónar með umhverfismálum
Óbreytt tillaga um 5 mkr framlag vegna hringrásarfulltrúa.

- Sóknaráætlun. Hækkun um tæpa 1 mkr frá fjárhagsáætlun 2025, framlag til reksturs Sóknaráætlunar Vestfjarða (11,9 mkr) og sértæk verkefni Byggðaáætlunar (7 mkr) alls 18,9 mkr.
- Rekstur skrifstofu FV. Óbreytt frá áætlun 2025. Alls 72,3 mkr til reksturs skrifstofu FV, framkvæmdastjórn, stjórn FV, nefndir FV, sérfræðivinna/hagsmunagæsla, húsnæði og tæki. Fjármögnun kemur af hækkun áætlaðs framlags Jöfnunarsjóðs sveitarfélagi fyrir árið 2024, framlagið nemi alls 41 mkr. Framlag sveitarfélag verði 13,2 mkr Óbreytt framlag til markaðsmála 8,2 mkr að vinna að verkefnum á sviði markaðsmála ferðapjónustu / Áfangastofu Vestfjarða.
Óbreytt framlag menningarmála. tillaga um 9,9 mkr til að vinna að menningarstarfi sem áhersluverkefni samkvæmt samningi um Sóknaráætlun Vestfjarða 2025-2029.

Áhersluverkefni. Alls um 39,9 mkr, þessum fjármagni hefur verið ráðstafað á árinu 2024 til átta verkefna samkvæmt ákvörðun stjórnar FV. Verkefnið Blámi 10 mkr, uppbygging og fjárfestingar 7,5 mkr, Markaðsetning ferðapjónustu 7,5 mkr, Ungmennahúsið 1 mkr, Farsældar og inngilding, 4 mkr, Sólmyrkvi 2 mkr, Samfélag, auðlindir og innviðir 6 mkr. Enn óráðstafað 1,9 mkr. Til viðbótar hafa verið millfærðar 15 mkr í tekjum sóknaráætlunar 15 mkr til svæðisskipulags. Alls nema áhersluverkefni 54,9 mkr. Fjallað er um áhersluverkefni í skýrslu til Fjórðungsþings um starfsemi Sóknaráætlunar Vestfjarða.

Greiddir styrkir. Greiddir styrkir nema 74,5 mkr sem er hækkun um 23,5 mkr. Styrkir greiddir úr Uppbyggingarsjóði hækka um 3,5 mkr, vegna hærri fjárhæðar af endurúthlutuðum styrkjum. Síðan er breytt framsetning á útborgun framlags úr C1 aðgerð Byggðaáætlunar, af 30 mkr framlagi eru færðar eru hér 20 mkr sem útborgun styrkja, en 10 mkr í aðkeypta sérfræðipjónustu.

Aðkeyptir verktakar/þjónusta.

Ekki er gert ráð fyrir kaupum á aðkeyptri verktöku, með fyrirvara um síðari ákvarðanir stjórnar um ný verkefni innan fjárheimilda varasjóðs.

Svæðisskipulag Vestfjarða

Áætlaður kostnaður við aðkeypta sérfræðivinnu skipulagsráðgjafa alls 43,2 mkr og vinna svæðisskipulagsnefndar, ferðir og fundir og sérfræðivinna að hálfu Vestfjarðastofu alls 13,8 mkr, samtals 57 mkr. Unnið samkvæmt kostnaðaráætlun og skilmálum útboðs svæðisskipulagsvinnu sem samþykkt var í febrúar 2024, en meginþungi vinnu svæðisskipulagsins er á árinu 2025.

Aðkeypt sérfræðipjónusta aðgerðir Byggðaáætlunar

Samningar við aðila eru í undirbúningi, um framkvæmd aðgerða samkvæmt samþykktum verkefnaumsóknum FV í aðgerð C1 Byggðaáætlunar, munu nema alls 30 mkr. Lagt til að 10 mkr verði áætlaðar í aðkeypta sérfræðipjónustu og 20 mkr í greidda styrki (sjá hér framar), en fjárhæðir milli þessara liða gætu breyst í endanlegum samningum.

Annar skrifstofukostnaður. Engin tillaga.

Millifærslur á milli deilda.

Engin tillaga

Varasjóður

Lag til að hækka framlag til varasjóðs stjórnar um 2 mkr og nemi alls 9 mkr, er það í samræmi við niðurstöðu ársreiknings 2024.

Rekstarniðurstaða.

Rekstrarniðurstaða að teknu tilliti til fjármagnstekna er áætluð jákvæð 640 þkr, en áætluð neikvæð rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði nemur 1,2 mkr.